

Í fyrsta sinn (árið 2003) verður einkum miðað við þá áfanga sem eru í kjörnum mála-, náttúrufræði- og félagsfræðibrauta. Áherslur einstakra greina, úr ráðlögðum áföngum geta síðar orðið mismunandi frá einu ári til annars.

Þeir áfangar sem lagðir eru til grundvallar fyrir prófið eru eftirfarandi:

- a) Eðlisfræði, EÐL 103, 203
- b) Efnifræði, EFN 103, 203, 303, 313
- c) Enska, ENS 103, 203, 303, 403
- d) Félagsfræði, FÉL 103
- e) Íslenska, ÍSL 102, 202, 212, 303, 403, 503
- f) Náttúruvísindi, NÁT 103, 113, 123, LÍF 103, LÍF 203
- g) Saga, SAG 103, 203
- h) Stærðfræði, STÆ 103, 203, 303, 403, 503
- i) Tölfræði, STÆ 313
- j) Sálfræði, SÁL 103

Læknadeild tilnefnir umsjónarmenn með samningu prófsins og til að fara yfir prófúrlausnir. Háskólarektor skipar, að fengnum tillögum læknadeilda, prófdómara einn eða fleiri eftir atvikum.

Þar sem ekki er um að ræða krossapróf dæma umsjónarmenn annars vegar og prófdómari hins vegar úrlausnir og gefa sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnir. Endanleg niðurstaða er meðaltal þeirra einkunna.

Lágmarkseinkunn er 5,0. Einkunnir verða reiknaðar með tveimur aukastöfum.

Próf verða síðar aðgengileg á netinu.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að tillögu Félags íslenska framhaldsskóla, með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 89. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 2. júlí 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um skipulagsbreytingu við Klettás í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 27. júní 2002 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Klettás 7-11 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Í breytingunni felst að fjölgað verður um eina íbúð á lóðinni þ.e. í stað þriggja íbúða í raðhúsi verða nú fjórar við Klettás 7, 9, 11 og 11a.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 8. júlí 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.